

ÆSKULÝÐSSKÝRSLA SPRETTS 2025

#ungirsprettarar

- ★ **Starfandi barna- og unglingaráð Sprettis**
- ★ **Starfandi ungmennaráð Sprettis**
- ★ **Fjöldi viðburða á vegum Æskulýðsnefndar**
- ★ **Fjáröflun ungra Sprettara og þátttaka þeirra í starfi félagsins**
- ★ **Fengum úthlutað úr íþróttasjóði styrk til kaupa á búnaði**
- ★ **Ungir Sprettarar styrktir úr afrekssjóðum sveitarfélaganna**

Inngangur

Starf yngri flokka hestamannafélagsins Sprettis heldur áfram að vaxa og dafna. Öflugt starf Æskulýðsnefndar Sprettis hefur skilað sér vel í samstarfi við yfirþjálfara yngri flokka sem og stjórnar félagsins. Félagið hefur boðið upp á fjölbreytt úrval námskeiða, hugað er að mismunandi áhugasviðum og getustigum, boðið er upp á fleiri félagslega hittinga að beiðni ungra Sprettara, þátttaka hefur aukist og samheldni og félagsandi ungra Sprettara hefur eflst til muna sem er afar ánægjulegt að sjá.

Æskulýðsnefnd Sprettis

Í æskulýðsnefnd Sprettis sitja: Þórunn Hannesdóttir, formaður, Berglind Guðmundsdóttir og Inga Berg Gísladóttir. Nefndin er áfram vel skipuð með öflugum einstaklingum sem brenna fyrir starfi ungra Sprettara. Með nefndinni starfar yfirþjálfari yngri flokka, Þórdís Anna Gylfadóttir. Með æskulýðsnefnd starfar einnig sér nefnd sem kemur að Blue Lagoon mótahaldi fyrir yngri flokkana. Það eru Erla Magnúsdóttir, Fjóla Karen Hafsteinsdóttir, Atli Rúnar Bjarnason, Hekla Marín Atladóttir, Sigrún Helgadóttir, Jón Ó. Guðmundsson, Birna Sif Sigurðardóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir. Ótrúlega mikið starf hefur verið unnið af hendi æskulýðsnefndar og Blue Lagoon nefndar, allt að sjálfsögðu í sjálfböðastarfi. Æskulýðsnefnd fundar reglulega og er í miklum samskiptum þess á milli. Áhersla æskulýðsnefndar síðasta árið var að efla sérstaklega yngstu knapana í félaginu og að viðburðir væru í boði sem höfðuðu til breiðs aldurshóps.

Yngri flokka ráð

Undanfarin ár hafa verið starfandi yngri flokka ráð innan hestamannafélagsins Sprettis. Að setja á laggirnar slík ráð hefur reynst afar vel. Mikið meira samtal verður

við unga iðkendur innan félagsins sem leiðir til mun meiri ánægju og þátttöku þeirra í öllu starfi félagsins. Ráðin funda nokkuð reglulega með yfirþjálfara félagsins sem reynir svo að framfylgja þeirra hugmyndum og óskum. Það hafa komið margar góðar hugmyndir frá yngri flokka ráðunum sem þau hafa látið verða að veruleika í samstarfi við yfirþjálfara og æskulýðsnefnd.

a. Barna- og unglingaráð

Í Barna- og unglingaráði sitja; Elva Rún Jónsdóttir formaður, Hulda Ingadóttir, Jóhanna Sigurlilja Sigurðardóttir, Íris Thelma Halldórsdóttir, Lilja Guðrún Gunnarsdóttir, Kristín Elka Svansdóttir og Kári Sveinbjörnsson. Barna- og unglingaráð er mjög duglegt að funda og reka á eftir yfirþjálfara ef þeim finnst líða of langur tími á milli funda. Þau hafa nýtt samfélagsmiðla til að skipuleggja sig á milli funda sem og að auglýsa viðburði til ungra Sprettara en þau halda utan um og hafa umsjón með, í samráði við yfirþjálfara, instagram reikninginn, #ungirsprettarar. Þau hafa undanfarin ár óskað eftir fleiri félagslegum hittingum fyrir utan hefðbundna reiðtíma og námskeið. Þau vildu hafa vettvang og tækifæri til þess að hittast og mynda tengsl sín á milli og hefur það reynst vel að bjóða upp á slíka hittinga. Þau sögðu að það væri mikilvægt að eiga vini í íþróttinni sem öllu jafna er einstaklingsíþrótt en þau vildu tilheyra hópi og eignast vini með sömu áhugamál. Þau hafa því komið að skipulagningu fjölmarga viðburða og notið til þess aðstoðar æskulýðsnefndar. Sem dæmi má nefnd að haldin hafa verið bíókvöld, bingókvöld, leikja- og spilakvöld þar sem vinsælt er að fara inn í reiðhöll í leiki. Þetta þarf því alls ekki að vera flókið né dýrt til að upplifa þessa þörf fyrir að hittast og mynda félagsleg tengsl við jafnaldra sína með sama áhugamál.


Þeirra stærsta ósk var að fara erlendis á hestasýningu var það gert haustið 2023 og verður það endurtekið nú í nóvember 2025. Ljóst var að til þess að það yrði að veruleika yrðu þau að leggja mikið á sig. Mikilvægt var að bjóða upp á fjáröflun svo sem flestir ættu kost á því að taka þátt í svona stóru verkefni. Í vetur hefur æskulýðsnefndin haldið utan um sjoppuvaktir á Blue Lagoon mótum þar sem ungir Sprettarar hafa staðið vaktina í afgreiðslunni, en með tryggri aðstoð foreldra.

Fleiri frábærar hugmyndir hafa komið upp á borðið sem vonandi verður hægt að framkvæma með þeim því ljóst er að hugmyndaflugið og krafturinn er nægur.

Uppskeruhátíð yngri flokka árið 2024

Undanfarin ár hefur verið haldin sérstaklega uppskeruhátíð fyrir börn og unglinga félagsins. Það hefur reynst mjög vel og eru ungir Sprettarar afar ánægð með þetta fyrirkomulag. Uppskeruhátíðin 2024 var haldin í samstarfi við hestamannafélagið Fák. Skemmtilegt var að brjóta upp mynstrið og bjóða öðru félagi með. Það var líka frábært tækifæri fyrir krakkana að hitta fleiri unga hestamenn og mynda tengsl. Eftir sem áður eru ungmenni félagsins heiðruð með fullorðnum. Uppskeruhátíð barna- og unglinga var haldin 7. nóvember 2024. Fjöldi barna og unglinga ásamt foreldrum og öðrum góðum gestum mættu og áttu skemmtilega kvöldstund saman.

Börn og unglingar úr báðum félögum sáu um að skreyta salinn fyrir hátíðina, ásamt því að ákveða dagskrá kvöldsins og leiki. Efnt var til stórskemmtilegrar Kahoot spurningakeppnar á milli borða þar sem spurningar á borð við “Hver var knapi ársins 2024?”, “Hvor hleypur hraðar Usain Bolt 100m eða Kjarkur frá Árbæjarhjáleigu 150m?”, “Hvar verður Landsmót haldið árið 2028?”. Allir knapar sem tóku þátt á stórmóti, s.s. Landsmóti og/eða Íslandsmóti voru sérstaklega heiðraðir með viðurkenningarskjali og rós. Þeir pollar sem tóku þátt á Íslandsmóti í pollaflokki voru sérstaklega heiðruð. Stigahæstu knapar, bæði stúlkur og drengir, í barna- og unglingaflokki voru verðlaunuð fyrir framúrskarandi árangur. Einnig voru Íslandsmeistarar heiðraðir ásamt þátttakendum á Norðurlandamóti. Ungir Sprettarar og foreldrar þeirra voru ánægð með Uppskeruhátíðina og er hún komin til með að vera fyrir unga Sprettera.



Félagslegir hittingar og skemmtun

Æskulýðsnefnd hefur verið dugleg að aðstoða börn, unglinga og ungmenni í Spretti við að skipuleggja félagslega hittinga og skemmtun, eins og fram kom að ofan finnst þeim mikilvægt að hafa vettvang til að hittast utan keppni og reiðtíma, hittingar án hesta eins og þau kalla það gjarnan. Það að hafa góðan félagsskap í einstaklingsíprótt skiptir höfuðmáli að okkar mati.

Heimsókn á Kvisti

Strax í október 2024 var farið í heimsókn til Árna Björns og Sylvíu á Kvisti þar sem höfðinglega var tekið á móti ungum Spretturem með veitingum og spjalli. Bæði Sylvía og Árni lögðu á gæðingana sína og voru með sýnikennslu. Ungir Sprettarar voru ófeimin við að koma með ýmsar spurningar og þælingar og í lokin á heimsókninni var skorað á gestgjafana í skotbolta og reiðhöllin undirlögð hlátrasköllum og föstum skotum. Á heimleiðinni var stoppað í pizzu á Ölverk í Hveragerði.



Glimmer höfuðleðragerð með Sigu Pje

Í nóvember var endurtekið skemmtilegt höfuðleðrakvöld þar sem ungum Spretturum gafst færi á að fönðra falleg höfuðleður og múla fyrir gæðingana sína. Siggja Pje kom ásamt fríðu föruneysi til okkar og ansi margir “eðalsteinar” voru límdir með límbyssum þetta kvöld og allir fóru glaðir heim með sköpunarverkið sitt.

Litlu-jólin og áramótagleðin voru haldin í veislusalnum og reiðhöllinni í desember, jólakakó, smákökur, mandarínur og jólanammi. Kveikt á jólamynd og skipst á pökkum milli leynivina. Áramótagleðin var í formi alls konar leikja í reiðhöllinni sem börn og fullorðnir höfðu gaman af.



Foreldrafundur ungra Sprettara var haldinn í lok janúar 2025 þar sem dagskrá vetrarins var kynnt, foreldrum gefið tækifæri til að hitta aðra, auk þess sem ákveðið var að fara aftur á Sweden International Horse Show í Stokkhólmi í lok nóvember 2025.

Fjáröflun var í gangi í vetur m.a. með sjoppuvöktum á Blue Lagoon mótaröðinni og öðrum viðburðum bæði í salnum og mótum utandyra hjá Spretti, kleinusölu, dósasöfnun og fleira. Allir fengu að taka þátt og meðal annars var keyptur djúpsteikingarpottur úr söfnunarsjóði Æskulýðsnefndar fyrir franskar sem er margbúinn að borga sig eftir veturinn.

Fjáröflun

Æskulýðsnefnd heldur áfram að vera dugleg að standa fyrir fjáröflunum og hefur lagt mikið upp úr því að vera fjárhagslega sjálfstæð nefnd. Peningurinn sem hefur safnast verður og hefur verið nýttur til niðurgreiðslu á námskeiðum, kaup á búnaði, til hittinga og viðburða fyrir alla unga Sprettara. Ungir Sprettarar mönnuðu allflestar vaktir í sjoppunni á viðburðum á vegum félagsins og þökkum við Spretti fyrir veittan stuðning þar. Einnig voru haldin vöflukaffi, dósasöfnun, kleinusala og margt fleira brallað til að geta stutt betur við starfið.

Páskaeggjaleitin var á sínum stað, haldin utandyra í Magnúsarlundi. Þar voru falin fjöldamörg páskaegg á hinum ýmsu stöðum sem fundust þó öll að lokum.



Þrautabrautar og leikjadagurinn er orðinn að föstum lið í apríl og var haldinn með pompi og prakt. Pollar, börn og unglingar spreyttu sig í tímatöku í þrautabraut á sínum hestum og í lok dags var reiðhöllin undirlögð af hoppuköstulum frá Skátunum, foreldrarnir virkjaðir á grillið og allir skemmtu sér vel.




Æskulýðsreiðtúrar - þegar sumarið fór að láta sjá sig og hækkandi sól á lofti var efnt til sameiginlegra æskulýðsreiðtúra. Farið var í reiðtúra fyrir þau börn og unglinga sem gátu stjórnað sínum hestum sjálf og svo var farið í styttri reiðtúr fyrir þau allra yngstu þar sem foreldrar komu með og aðstoðuðu við að stýra sínum börnum (í taumi). Það er alltaf stuð og stemming í sameiginlegum reiðtúrum og oftar en ekki eru krakkarnir búnir að hópa sig saman um að fara í annan reiðtúr eða gera eitthvað saman eftir að reiðtúrnum lýkur.

Skólaheimsóknir - tekið var á móti 7. bekkingum Kárnesskóla sem sýndu hestamennsku mikinn áhuga og tóku ungir Sprettarar þátt í þeim viðburði ásamt kennara í Kárnesskóla sem er Sprettari sjálfur. Stefnt er að fleiri svona heimsóknum á næstu misserum. Frábært tækifæri að bjóða börnum og unglingum í heimsókn til hestamannafélagsins og kynna fyrir þeim hestaíþróttina. Enn fremur er það frábært að leyfa ungum Spretturum að sýna og kynna sína íþrótt fyrir jafnöldrum sínum.

Helgarferð á Skáney í Borgarfirði var svo síðasti skipulagði hittingurinn á þessu tímabili en farið var í heimsókn í september 2025. Þar blómstraði bæði hestamennska og félagslíf og hluti af reiðkennslunni var í formi hestafimleika með hinni frábæru Kathrinu sem sló í gegn, hjá öllum aldri. Kathrina er fyrrum keppnismanneskja í hestafimleikum og fékk alla til að taka þátt og skapaði mikla gleði og hlátrasköll á meðal þátttakenda. Helgin einkenndist af vináttu, gleði og hestamennsku - nákvæmlega það sem félagsstarf ungra Sprettara stendur fyrir. Allir

fóru glaðir heim og ósk var um að næsta ferð yrði að lágmarki vika í stað helgarferðar.



Félagshesthús Spretts

Hestamannafélagið Sprettur heldur úti félagshesthúsi sem hugsað er fyrir börn, unglinga og ungmenni sem vilja halda hest á húsi en hafa ekki aðgang að hesthúsi. Í félagshesthúsinu er umsjónarmaður á vegum félagsins sem er leigjendum innan handar með ýmis málefni tengd umhirðu og þjálfun hestanna. Það er afar mikilvægt að með þeim í húsinum sé vanur hestamaður sem þau geta leitað til.

Félagshesthúsið hefur verið eftirsóknarvert og hafa færri komist að en vilja sem er miður, en ljóst er að félagshesthúsið er of lítið. Stjórn félagsins rær öllum árum að því að stækka félagshesthúsið í samstarfi við sveitarfélögin sem standa að baki hestamannafélaginu Spretti, Garðabær og Kópavogur. Það er því eitt af markmiðum

félagsins að byggt verður stærra félagshesthús í nágrenni framtíð svo hægt sé að mæta þessari vaxandi eftirspurn vonandi með áfastri kennsluhöll. Viðræður við sveitarfélagin hafa farið af stað og lofa góðu fyrir framhaldið.

Reiðskólinn Hestalíf - á félagssvæði hestamannafélagsins Spretts er starfandi einn reiðskóli, reiðskólinn Hestalíf. Hestamannafélagið Sprettur styður við starfsemi reiðskólans með notkun á aðstöðu. Þetta samstarf hefur oft á tíðum skipt sköpum þar sem ljóst er að fjölmörg börn hafa áhuga á að stunda hestamennsku en hafa ekki aðgengi að hesti. Úr reiðskólanum hafa svo fjölmörg áhugasöm börn og unglingar fundið sína hillu í lífinu og tekið stökkið og keypt sér hest. Oftar en ekki fylgja heilu fjölskyldurnar með.

Námskeiðahald

Æskulýðsnefnd í samstarfi við yfirþjálfara leggur mikla áherslu að boðið sé upp á fjölbreytt úrval námskeiða fyrir alla aldurshópa á öllum getustigum þannig að allir eigi þess kost að finna eitthvað við sitt hæfi. Það hefur verið stefna félagsins að greiða niður námskeiðsgjöld fyrir yngri flokkana og borga þau ekki fyrir notkun á aðstöðu, s.s. reiðhöll og dregst það því frá námskeiðsgjaldinu. Æskulýðsnefnd hefur einnig haft það að markmiði að pollar æfi frítt, að námskeiðin séu ókeypis og hefur það oftast verið í boði amk einu sinni á hverjum vetri.

Ungir Sprettarar fá úthlutaða sérstaka tíma í báðum reiðhöllum til þjálfunar, bara fyrir sig. Góð nýting var á opnum frjálsum tímum í reiðhöllum frá desember 2024 fram í maí 2025, með og án reiðkennara. Í þessum tímum er stundum boðið upp á einhverskonar kennslu, farið var í leiki, reiðkennsla eða sett upp braut fyrir hindrunarstökk en oftast er þetta þó bara tækifæri fyrir þau til að fá að þjálfa “ í friði”.

a. Pollaflokkur

Mjög góð þátttaka yngstu knapanna hélst í vetur á námskeiðum, vetrarleikum og viðburðum hjá félaginu líkt og síðustu ár. Kennari á pollanámskeiðunum hefur verið Hrafnhildur Blöndahl. Um 30 pollar sóttu námskeið meira og minna frá janúar til apríl en þessi fjöldi hefur verið gegnumgangandi síðustu 3-4 árin. Námskeiðin voru ætluð yngstu knöpum félagsins og voru þeir á aldrinum 3 ára til 9 ára. Ákveðið var að hlúa áfram vel að yngstu knöpum félagsins og bauð æskulýðsnefnd aftur upp á námskeið fyrir þau endurgjaldslaust. Einstaklega gaman var að sjá hversu vel var tekið í þetta og að fylgjast með knöpunum ná árangri í sinni hestamennsku. Lokahnykkurinn á vetrarnámskeiðinu er svo þátttaka í Blue Lagoon mótaröðinni þar sem það er orðið að föstum lið að bjóða upp á “keppni” í pollaflokki. Mikið er lagt upp úr því að hafa gaman, knapar eru hvattir til þess að mæta í búningum og skreyta einnig hesta sína. Góður tími er gefinn í “upphitun” þar sem þau mega ríða um á vellinum áður en “keppni” hefst. Svo eru þau kölluð inn líkt og gert er í hefðbundinni keppni, í hollum. Svo fá þau öll að koma inn í “úrslit”. Semsagt það er reynt að gera sem mest úr keppninni og leyfa þeim að njóta sín sem mest. Keppnin felst í því að settar eru upp keilur á langhlið og hlið á skammhlið sem yngstu knaparnir þurftu að ríða á milli eða í

gegnum, upp á báðar hendur. Þetta hefur heppnast vel undanfarin ár og er mikil ánægja með þessa viðbót og aðeins öðruvísi fyrirkomulag heldur en var á vetrarleikum félagsins.

Að loknu vetrarnámskeiðinu líkt og áður þar sem lögð var áhersla á jafnvægi og stjórnun í bland við leiki var ákveðið að bjóða upp á framhaldsnámskeið að vori til. Það var haldið bæði innan og utandyra. Kennt var inni í reiðhöll og úti í stóra gerði áður en farið var í rólegan hring nálægt hverfinu. Með því er verið að reyna að taka rökrétt en örugg skref í því að færa yngstu knapana úr reiðhöllinni og út í umhverfið.

b. Barna-, unglinga- og ungmennaflokkur

Námskeiðahald fyrir yngri flokkanna var mjög fjölbreytt í ár. Kennd voru Knapamerki á öllum stigum bæði bóklegt og verklegt haustið 2024. Hestamennsku námskeiðin voru á sínum stað en þau eru ætluð börnum og unglingum sem hafa ekki aðgang að hesti. Haldin eru námskeið bæði að hausti og að vetri til sem nær fram á vor og endar yfirleitt með þátttöku á Dymbilvikusýningu Spretts um páska. Haldin voru námskeið í brokkspírurþjálfun, hindrunarstökki og sætisæfinganámskeið. Sett voru upp styttri og lengri námskeið í formi einkatíma með fjölmörgum reiðkennurum. Nokkur helgarnámskeið voru í boði með mismunandi reiðkennurum. Undanfarin ár hafa Anton Páll, Árný Oddbjörg, Sigvaldi Lárus og Arnar Máni verið afar vinsæl. Hestaíþróttanámskeið var sett á laggirnar síðasta vetur en það námskeið er ætlað öflugum pollum og ungum börnum sem eru að taka skrefið úr pollaflokki og yfir í barnaflokk. Ungir og efnilegir knapar sem eru farin að vilja geta haft meiri stjórn á gangtegund og hraða og ríða meira tölt ásamt því að hafa gaman. Kennari á því námskeiði var Þórdís Anna Gylfaóttir. Haldið var gæðingalistar námskeið sem endaði með æfingamóti í gæðingafimi, en slíkt námskeið verður sífellt vinsælla. Mikill áhugi var fyrir hindrunarstökksnámskeiði og voru nokkur slík haldin. Útreiðanámskeið voru á sínum stað þegar fór að vora en slíkt námskeið hafa einnig notið meiri vinsælda undanfarin ár. Þar er nemendum kennt að nýta sér hringgerði og þjálfunargerði ásamt því að nýta sér náttúruna, mismunandi landslag, brekkur, þúfur og slíkt til þjálfunar. Mjög skemmtileg námskeið - sérstaklega þegar veðrið er gott! Ungir Sprettarar höfðu talað um í nokkurn tíma að þau vildu meiri fræðslu og kennslu að öllu því sem snýr að kynbótasýningum og þjálfun kynbótahrossa. Það var því slegið til í samstarfi við Kynbótanefnd félagsins og efnt til námskeiðs í undirbúningi fyrir kynbótasýningu. Boðið var upp á fyrirlestra þar sem farið var í gegnum helstu atriði, s.s. mælingar, uppstillingu, fyrirkomulag kynbótasýninga, þjálfun og undirbúning ásamt mörgu fleiru. Í framhaldinu var svo boðið upp á kennslu úti á kynbótabraut þar sem hver og einn mætti með sinn hest til Þorvaldar Árna, reiðkennara. Til stóð að halda æfinga-kynbótasýningu í samstarfi við RML en vegna ónógrar þátttöku var ákveðið að fresta þeirri sýningu - en vonandi verður hægt að bjóða upp á álíka fyrirkomulag í framtíðinni.

Mótahald á vegum Æskunnar

a. Blue Lagoon deildin er opin mótaröð fyrir alla. Hægt er að keppa á einu móti eða öllum. Mótaröðin er styrkt af Blue Lagoon og hefur verið til nokkurra ára. Mótaröðin

er haldin af foreldrum innan félagsins sem starfa með æskulýðsnefnd. Það hefur sýnt sig að það er mikilvægt að bjóða upp á mót/mótaröð fyrir yngri flokkana þar sem ekki allir komast að í liðum í deildum. Til leiks í mótaröðinni mæta keppendur víðsvegar af landinu, frá Suðurlandi til Norðurlands. Lögð er áhersla á að bjóða upp á keppni á mismunandi getustigum og var nú í ár bætt við flokknum minna vanir í bæði barna og unglingaflokki. Það var gífurlega vinsælt og varð til þess að setja þurfti takmörk á fjölda keppenda í hverjum flokki.

b. Gæðingalistarmót. Úr varð að haldið var stutt námskeið um gæðingafimina og að loknu námskeiðinu var efnt til æfingamóts. Randi Holaker mætti til að aðstoða þau við að setja upp prógramm, tók með þeim eitt æfingarennisli og svo æfingamótið. Þetta reyndist mjög vel og fengu þau marga frábæra punkta sem nýttist þeim til góðs.

c. Æfingatímar með dómara. Unglingar og Ungmennni höfðu óskað eftir því að fá að æfa sig á öllum veltinum, í Samskipahöllinni, þar sem þau gætu tekið sig upp á vídjó og fengið umsögn frá dómara. Haldnar voru nokkur slíkar æfingar og var yfirleitt reynt að nýta höllina þegar búið var að setja upp keppnisvöllinn í Samskipahöllinni, t.d. fyrir Áhugamannadeild. Einn dómari dæmdi og yfirþjálfari skráði niður einkunnir og umsögn dómara. Knapar höfðu svo tækifæri á að ræða við dómara og fá einkunnir og umsögn senda í tölvupósti. Einfalt og fljótlegt en mjög árangursríkt fyrirkomulag sem skilar heilmiklu til knapanna. Þetta höfum við gert í nokkur ár og er alltaf vinsælt.

Þátttaka í Hæfileikamótun og landsliði Íslands í hestaíþróttum

Hæfileikamótun LH er frábært tækifæri fyrir unga knapa til að fá betri þjálfun, reiðkennslu og kynnast knöpum úr öðrum hestamannafélögum víðsvegar af um landið. Ungir Sprettarar áttu þar sína fulltrúa sem tala mjög vel hæfileikamótun og finnst það gagnast sér vel í sinni hestamennsku. Herdís Björg Jóhannsdóttir ungmenni úr Spretti fór á HM íslenska hestsins í Sviss sem ríkjandi heimsmeistari í tölta og erum við afar stolt af henni og hennar framlagi með landsliðinu.

Ungir Sprettarar á Íslandsmóti

Alls tóku 15 ungir Sprettarar þátt á glæsilegu Íslandsmóti barna og unglinga í Sörla í Hafnarfirði í júlí. Allir knaparnir stóðu sig með mikilli þrýði. Gaman var að sjá bæði reyndari unga keppnisknapa taka þátt sem og þá sem voru að stíga sín fyrstu skref á stórmóti.

Lokaorð

Æskulýðsnefnd leggur mikið upp úr því að efla félagsleg tengsl og samheldni yngstu kynslóðarinnar sem hefur áhuga á hestamennskunni með því að bjóða upp á fjölbreytt félagsstarf óháð því að hvort þeirra áhugi og efni liggja í keppni eða

eingöngu samveru með hrossum, náttúru og vinum. Mikill áhugi er fyrir því að hestamennska sé raunhæfur kostur fyrir öll áhugasöm börn og unglinga, óháð aðgengi að hestum og fjárhag foreldra. Áhersla á að efla félagsleg tengsl innan hóps yngri kynslóðarinnar hefur skilað mjög góðum árangri undanfarið og því mikilvægt að sinna því áfram vel.

Hestamennskan er frábært áhugamál sem er þó fjarlæg mörgum. Það er því hagr félagsins að koma fram og kynna sig með jákvæðum hætti ekki síst í nærumhverfinu mögulega með því að opna hallir okkar og bjóða nágrönnum og skólum hverfisins í heimsókn til að kynnast okkar starfi.

Framtíðar markmiðin eru mörg hver háleit enda nauðsynlegt að stefna að spennandi tækifærum líkt og stóru félagshesthúsi með áfastri kennsluhöll. Byggja upp sífellt betra og öflugra félagsstarf með virkari félagsmönnum því hvar annars staðar byrjar það en hjá yngstu kynslóðinni. Það er gríðarlegur auður í félagsmönnum yngri flokkanna sem vilja leggja sitt af mörkunum og fá að vera með, tilheyra félaginu og taka þátt og hafa hlutverk. Það er góður undirbúningur yngri félagsmanna fyrir störf í nefndum og stjórnnum félagsins að vita að þau skipta máli og hafa rödd sem hlustað er á. Þannig erum við líka að tryggja félaginu áframhaldandi framtíð.